

Matvælastofnun hefur eftirlit með innflutningi dýraafurða frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Hluti eftirlitsins snýr að eftirfylgni með kröfum um meðferð eldhússúrgangs frá farartækjum í alþjóðlegri umferð.

Eftirfarandi upplýsingar eru um fyrirkomulag sem gildir um meðferð á eldhússúrgangi frá flutningum í alþjóðlegri umferð.

## Áhætta og forvarnir

Eldhússúrgangur frá flutningum í alþjóðlegri umferð flokkast sem efni í 1. flokki (mest áhætta) yfir aukaafurðir dýra (animal by-products = ABP) og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

ABP er möguleg uppspretta áhættu fyrir heilbrigði manna, dýra og umhverfis. Takmarka skal áhættuna með því að safna, flytja og farga þeim á öruggan máta.

Auðkenning við söfnun og flutning

- Aðgreina skal flokka við söfnun
- Við flutning skal merkja: Eingöngu til förgunar / Óhæft í fóður / Óhæft til manneldis

Flutningur öruggur

- Lokuð og lekaheld ílát/gámar/ökutæki

Skráarhald

- Viðskiptaskjal skal alltaf fylgja við flutning á ABP

## Viðskiptaskjal í flutningum

Í viðskiptaskjalinu skal koma fram:

- dagurinn þegar efnið var flutt af athafnasvæðinu
- lýsing á efninu
- magn efnisins
- upprunastaður efnisins
- nafn og heimilisfang flytjandans
- nafn og heimilisfang viðtakanda
  - ef við á, samþykkisnúmer hans

## Ábyrgðaraðilar

Frumábyrgð á starfsemi sem varðar ABP og þar með talið eldhússúrgangi frá alþjóðlegri umferð hvílir á rekstraraðilum, þ.m.t. flutningsaðilum.

## Hlutverk eftirlitstofnana varðandi eldhússúrgang í alþjóðlegri umferð

### Matvælastofnun:

- Eftirlit með innflutningi dýraafurða frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skv. reglugerð nr. 1044/2011.
- Ábyrgð á rekstri landamærastöðva, þar sem innflutningseftirlit skal fara fram skv. ákvörðun 812/2001/EB.
- Eftirfylgni með að reglum um meðferð eldhússúrgangs frá flutningum í alþjóðlegri umferð á landamærastöðvum sé samkvæmt kröfum reglugerðar 674/2017 og reglugerðar nr. 448/2012.

### Umhverfisstofnun:

- Eftirlit með móttöku úrgangs of farmleifa frá skipum í höfnum, skv. reglugerð nr. 1200/2014.
- Eftirlit með söfnun, flutningi og förgun aukaafurða dýra skv. reglugerð nr. 674/2017.
- Veitir starfsleyfi fyrir förgunarstaði.

### Heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna:

- Eftirlit með meðhöndlun á úrgangi, skv. lögum nr. 55/2003.
- Eftirlit með flugvélum sem eru skráðar héraðs.
- Veitir starfsleyfi fyrir söfnun, flutning og móttökustöðvar fyrir úrgang.

Flugvélar sem eru skráðar í öðrum löndum eru undir eftirliti þar.

## Heimildir

Reglugerð nr. [674/2017](#) um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

Reglugerð nr. [1200/2014](#) um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum.

Lög um meðhöndlun úrgangs nr. [55/2003](#).

Reglugerð nr. 1044/2011 um eftirlit með innflutningi á dýraafurðum frá ríkjum utan EES.

Ákvörðun [812/2001/EB](#) um kröfur um viðurkenningu á skoðunarstöðvum á landamærum sem annast dýraheilbrigðiseftirlit með afurðum sem eru fluttar inn í bandalagið frá þriðju löndum.

Reglugerð nr. [448/2012](#) um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.